

Gengu of langt gagnvart Atla

Héraðsdómur telur Lögmannafélagið hafa farið langt út fyrir valdsvið sitt í rannsókn á persónulegum högum Atla Helgasonar, dæmde morðingja, þegar hann sótti um endurheimt lögmannsréttinda sinna.

DÓMSMÁL Lögmannafélag Íslands fór langt út fyrir lagaskyldu sína og þá rannsóknarskyldu sem hvílir á félaginu við mat sitt á hvort Atli Helgason fengi lögmannsréttindi sín að nýju. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjaness sem í síðustu viku ákvað að Atli mætti starfa sem lögmaður, líkt og Fréttablaðið greindi frá. Atli missti réttindi sín þegar hann réð Einari Erni Birgissyni bana árið 2000, og hlaut fyrir það sextán ára fangelsisdóm. Ríkissaksóknari hefur áfrýjað úrskurði héraðsdóms til Landsréttar.

Atli lagði fram beiðni um að fá lögmannsréttindi sín endurheimt árið 2016. Hann dró beiðnina til baka í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar og lýsti því yfir að hún hefði endurvakið þjáningar aðstandenda Einar Arnar. Fréttablaðinu er ekki kunnugt um hvers vegna hann ákvað að sækja um réttindin að nýju. Atli fékk uppreist æru árið 2015 en óflekkað mannorð er meðal skilyrða þess að hafa málflytningu réttindi. Annað skilyrði er að lögmennt hafi ekki farið í gjaldþrot, en þeir geta óskað eftir undanþágu frá því skilyrði eftir að hafa haft forræði á búi sínu í þrjú ár samfleytt. Atli fór í gjaldþrot árið 2001 en hefur haft forræði á fjármunum sínum síðastliðin fjórtán ár.

Lögmannafélagið hóf frumkvæðisrannsókn á persónulegum högum Atla eftir að hann óskaði eftir undanþágu frá skilyrði um gjaldþrot. Rannsóknin sneri fyrst og fremst að brotum Atla árið 2000, kaupum hans á tveimur fasteignum árið 2016, setu hans í stjórn einkahlutafélagsins Versus og hvort Atla



Atli Helgason

hefði „tekist að setja afbrot sitt í rétt samhengi og læra af því“.

Félagið skoðaði fjármál Atla allt að átján ár aftur í tímann, meðal annars með því að kalla eftir öllum skattframtölum hans og gögnum frá skiptastjóra og Þjóðskjalasafni, áður en það synjaði beiðni hans um meðmæli. Atli kærði ákvörðunina til héraðsdóms og sagði að stuðst hefði verið við ólögmet sjónarmið, meðal annars með því að skoða fjárhagsstöðu hans svo langt aftur í tímann. Í dag væri hann í góðri stöðu fjárhagslega og hefði hvorki smakkað fikniefni né afengi í hátt í 20 ár. Dómurinn tók undir að synjunin hefði verið byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum, auk þess sem engin lagastoð heimilaði félaginu að rannsaka persónulega hagi fólks. Þannig hafi stjórn Lögmannafélagsins farið langt út fyrir valdsvið sitt.

Dómari talar nokkuð tæpitungulaust um rannsókn lögmannafélagsins, en tekur fram að brot Atla hafi verið svívirðilegt. Hins vegar verði að líta til þess að 17 ár séu frá því að Atli hlaut dóminn, hann hafi afplánað sína refsingu og ekki orðið uppvis að refsiverðri háttsemi síðan. Því sé rétt að verða við kröfu hans um endurheimt lögmannsréttinda. — sks

Tómas segir sveitarstjórnun þröngva Hvalárvirkjun í gegn

ÁRNESHREPPUR Tómas Guðbjartsson læknir segir dapurlégt að fylgjast með umræðu um Hvalárvirkjun, í grein í blaðinu í dag. „Þrjú af fimm fulltrúum sveitarstjórnar Arneshrepps, með sveitarstjórnun í broddi fylkingar, leggja allt í sölurnar til að þröngva í gegn umdeildri og óafturkræfri framkvæmd,“ segir Tómas og vísar í fyrirhuguð



virkjanaáform. Arneshreppur hefur verið í kastljósi fjölmiðla undanfarið en Fréttablaðið sagði frá því að hópur fólks hefði skróað sig til heimilis í sveitarfélaginu til að freista þess að hafa áhrif á niðurstöður sveitarstjórnarkosninga þar sem stærsta málið er virkjun Hvalár. Meirihluti sveitarstjórnarinnar er fylgjandi virkunaráformunum. — ósk / sjá síðu 9



Hin árlega mótórhjólamesa fór fram í Digraneskirkju í gærkvöldi. Gestir messunnar voru tæplega 400 en vél-fákarnir voru um helmingi færri. Kraftaklerkurinn séra Gunnar Sigurjónsson þjónaði til altaris. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Banaslysinn öll á Suðurlandi

SLYS Tveir erlendir ferðamenn létust í slysi við veiðar við Villingavatnsós við Þingvallavatn. Kona féll í vatnið og eiginmaður hennar kastaði sér á eftir henni. Þjörgunin reyndist árangurslaus og örmagnaðist maðurinn.

Slysið átti sér stað um hádegisbil á hvítasunnudag en þyrla Landhelgisgæslunnar var ekki ræst út þar sem áhöfn á vakt uppfyllti ekki skilyrði um lágmarks hvíldartíma. Fólkið var úrskurðað látið í fyrirkvöld.

Þyrlan hafði fyrir um daginn verið við leit í Ölfusá eftir að lögreglu barst

tilkynning um að maður hefði farið fram af Ölfusbrú og endað í ánni. Mannsins var leitað í gær og í fyrradag en leit hætt í bili gærkvöld eftir að hún hafði reynt árangurslaus. Leitað verður á ný á morgun.

Mikið álag hefur verið á viðbragðsaðilum á Suðurlandi liðna viku. Á miðvikudag varð banaslys þegar fólksbíll og jepplingur skulu saman vestan við Markarfljót. Sama dag var leitað að tveimur ferðamönnum sem lentu í snjóflóði við Grímsfjall. Þeir fundust heilir á húfi. — jõe

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Borgarstjóri skrifar um húsnæðismarkaðinn. **8**

SPORT Meiðsli Hannesar Þórs reyndust ekki alvarleg. **11**

LÍFIÐ Glæsilegir gestir og mikill íburður í hinu konunglega brúðkaupi. **20**



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Upplifðu, njóttu og skapaðu tækifæri

Ókeypis kynningartími 22. maí – Skráning á dale.is/ungtfolk
Nánari upplýsingar og skráning á dale.is eða í síma 555 7080

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Gen next_050918_íceland



Það sem þjálfunin færir þér:


- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og aukin vellíðan
- Trú á eigin getu, skýrari markmið og meiri árangur
- Kynnist nýju fólki, bættir samskiptahæfni og styrkir sambönd
- Jákvæðara viðhorf og minni kvíði

Sumarnámskeið hefjast:

- | | |
|---------------|----------------------|
| 20 til 25 ára | 28. maí og 7. ágúst |
| 16 til 19 ára | 29. maí og 8. ágúst |
| 13 til 15 ára | 5. júní og 8. ágúst |
| 10 til 12 ára | 11. júní og 8. ágúst |

Dale Carnegie

Veður



Vaxandi suðaustanátt í dag með rigningu, 15-23 m/s sunnan- og vestanlands upp úr hádegi og talsverð rigning og má búast við hvössum vindhviðum við fjöll á þeim slóðum sem getur verið varhugavert farartækjum sem taka á sig mikinn vind. **SJÁ SIÐU 16**

Sagt upp eftir úttekt á líðan starfsfólks

VÍK Í MÝRDAL Þorkell Ingimarsson, skólastjóri Víkurskóla í Vík í Mýrdal, lætur af störfum um mánaðamótin eftir að sveitarstjórn Mýrdalshrepps lét gera sálfélaglega úttekt á líðan starfsfólks í skólanum. Í tilkynningu á vef Mýrdalshrepp kemur fram að ólga hafi verið við skólann það sem af er ári. „Niðurstaða sveitarstjórnar eftir yfirferð þeirrar úttektar var sú að ekki yrði hjá því komist að breyta um yfirstjórn í skólanum,“ segir í tilkynningunni.

Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepp, staðfesti að óánægja hefði verið með ákveðna þætti hjá yfirstjórn skólans. Ráðist hefði verið í úttekt á líðan starfsfólks eftir ábendingar og niðurstaðan verið sú að Þorkell léti af störfum. – **dfb**

Haspel orðin forstjóri CIA

BANDARÍKIN Gina Haspel tók í gær við embætti forstjóra bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, fyrst kvenna. Á vef CNN segir að Donald Trump hafi lofað Haspel í hástert við tilefnið, en þetta er í fyrsta sinn sem Trump heimsækir höfuðstöðvar CIA síðan í janúar í fyrra.

Trump sagði Haspel njóta virðingar og að samstarfsfélagar hennar hjá leyniþjónustunni treystu henni en hún hóf störf hjá CIA árið 1985.

Ferill hennar er ekki flekklaus en hún hefur verið gagnrýnd fyrir yfirheyrsluáðferðir sem notaðar voru í fangelsi sem hún stjórnaði. Þar hafi grunaðir hryðjuverkamenn verið pyntaðir. Til að mynda hefur John McCain, öldungadeildarþingmaður Repúblikana, talað gegn ráðningu Haspel. – **gbs**

Skin á milli skúra í borginni



Þau voru fjölbreytt farartækin sem sem voru samankomin á Ingólfstorgi þegar gestir torgsins, sem voru á öllum aldri, nutu langþráðrar veðurblíðu síðdegis í gær. Segja má að um skin á milli skúra sé að ræða en von er á talsverðri rigningu á Suður- og Vesturlandi síðdegis í dag. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Milljóna styrkir til íþróttafélaga fyrir bæjarráð

REYKJANESBÆR Á síðasta fundi Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar var samþykkt að leggja það til við bæjarráð Reykjanesbæjar að veita tvo styrki, samtals að upphæð sex milljónir króna, til Ungmennafélags Njarðvíkur og Keflavíkur ungmennafélags. Fáist styrkirnir samþykktir verður þeim úthlutað til meistaraflokka körfuknattleiks- og knattspyrnudeilda félaganna. Þetta kemur fram í fundargerð ráðsins.

Í fundargerðinni er sagt að formenn körfuknattleiks- og knattspyrnudeilda beggia félaga hafi borið upp erindi á fundinum. Þar segir að í máli þeirra hafi komið fram að mikilvægt sé að ráða starfsmann til að hjálpa til við rekstur félaganna og að rekstrarvandi þeirra sé nokkur. – **gbs**

Húsfélagið lét fjarlægja mynd af borgarstjóra

Andlit Dags B. Eggertssonar prýddi auglýsingar á húsi á horni Miklubrautar og Lönguhlíðar. Íbúar í ósamþykktum stúdíóbúðum í húsinu kvörtuðu. Kosningastjóri Samfylkingarinnar segir að þau hafi ekki vitað að fólk byggi í húsinu.

KOSNINGAR Auglýsingar Samfylkingarinnar í gluggum húss á horni Miklubrautar og Lönguhlíðar voru fjarlægðar eftir að kvörtun vegna þeirra barst frá íbúa í húsinu. Ósamþykktar stúdíóbúðir eru í rýminu þar sem auglýsingarnar voru á gluggum.

Í húsnæðinu var áður blómabúð en sú hvarf þaðan fyrir nokkrum árum. Auglýsing frá Samfylkingunni var sett á gluggana fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar og var það gert að nýju fyrir kosningarnar nú. Andlit borgarstjórans Dags B. Eggertssonar prýddi auglýsingarnar auk slagorðsins að Miklubraut yrði sett í stökk. Auglýsingarnar voru teknar niður um helgina.

„Fyrir fjórum árum bauð ég Samfylkingunni að setja þarna upp auglýsingar og voru þær þarna í tvær vikur og síðan teknar niður. Eftir það hékk þarna auglýsing frá Tryggingamiðstöðinni þar til kvörtun barst frá eiganda í húsinu sem vildi ekki hafa hana. Þá var hún tekin niður,“ segir Jón Magneirsson, eigandi húsnæðisins.

Jón segir að auglýsingin hafi fengið að hanga óáreitt fyrir síðustu kosningar og því hafi hann gert ráð fyrir að svo yrði aftur nú. Athugasemd hafi hins vegar borist frá nágranna og var auglýsingin því tekin niður til að forðast læti.

„Þarna á bakvið eru stúdíóbúðir. Þær fást auðvitað ekki samþykktar og ég borga því af þessu eins og um fyrirtæki sé að ræða,“ segir Jón.

Aðspurður hvort leigjendur íbúðanna hafi verið samþykktir auglýsingunni segir Jón að þeim hafi verið alveg sama um það. Íbúar voru ekki



Gamall þjálfari Dags er eigandi hússins við Miklubraut. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Það er ekki okkar hlutverk að kynda undir deilum í húsfélaginu.

Ragna Sigurðardóttir, kosningastjóri Samfylkingarinnar

heimavið þegar Fréttablaðið bar að garði til að leita viðbragða hjá þeim. Fréttablaðið reyndi að ná tali af Degi B. Eggertssyni vegna málsins en ekki náðist í hann. Pétur Ólafsson, aðstoðarmaður borgarstjóra, vildi ekki láta hafa neitt eftir sér um málið og vísaði á Rögnu Sigurðardóttur, kosningastjóra Samfylkingarinnar.

„Eigandi hússins bauð okkur

þetta auglýsingapláss án endurgjalds. Hann var fyrsti fótboltaþjálfari Dags og gamall stuðningsmaður úr Árbænum. Plássíð fékkst án endurgjalds fyrir fjórum árum og aftur nú. Þetta er hans leið til að styrkja framboðið,“ segir Ragna.

Að sögn Rögnu voru auglýsingarnar teknar niður eftir að framboðið fékk fregnir af því að deilur stæðu um auglýsingarnar innan húsfélagsins.

„Það er ekki okkar hlutverk að kynda undir deilum í húsfélaginu,“ segir Ragna. Aðspurð um hvort Samfylkingin hafi kannað hug íbúa stúdíóbúðanna áður en auglýsingunum var komið fyrir segir hún að þau hafi verið í góðri trú og ekki vitað að þar byggi fólk.

joli@frettabladid.is

Garðsláttuvélar sem slá á þínum gönguhraða



Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

MYSPEED

PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Baldursnes 8
603 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is

SLÖKKTU Á EYÐSLUNNI OG KVEIKTU Á SPARNADINNUM



Mitsubishi PHEV kemur þér inn í framtíðina

Mitsubishi Outlander PHEV er glæsilega hannaður, rúmgóður og háþróað fjórhjóladrifið kemur þér lengra allt árið. Þú getur ekið á hreinni íslenskrri orku svo að bíllinn verður sparneytnari og umhverfisvænni. Outlander PHEV var vinsælastur í flokki jeppa og jeplinga árið 2017. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki með öllum nýjum Mitsubishi bílum keyptum hjá HEKLU.** Slökktu á eyðslunni og kveiktu á sparnaðinum í nýjum Outlander PHEV. Hlökkum til að sjá þig!

Outlander Invite PHEV
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

4.540.000 kr.



**Sumarauki að verðmæti
350.000 kr. fylgir!**



FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Grænir reitir við BSÍ víki fyrir bráðabirgðabílastæðum spítalans

REYKJAVÍK Landspítalinn hefur óskað eftir því við Reykjavíkurborg að fá tímabundin afnot af landi við Umferðarmiðstöðina, BSÍ, undir 237 bráðabirgðabílastæði vegna framkvæmda við spítalann. Afgreiðslu erindis þess efnis var frestað á fundi borgarráðs á fimmtudag.

Í beiðni Nýs Landspítala ohf.

» **Gert er ráð fyrir því að bílastæðin verði gjaldskyld fyrir gesti spítalans**

kemur fram að vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan lóðar Landspítalans muni stór hluti núverandi bílastæða spítalans og Háskóla Íslands lenda innan framkvæmdasvæðisins. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í næsta mánuði og standi yfir til ársloka 2021.

„Á framkvæmdatíma er nauðsynlegt að tryggja aðgengi að spítalan-

um fyrir sjúklinga, gesti spítalans og starfsfólk, því er þörf á bráðabirgðabílastæðum bæði innan og utan lóðar Landspítalans,“ segir orðrétt í umsókn spítalans.

Gert er ráð fyrir að malbikuðum bráðabirgðabílastæðum verði komið fyrir á grænum reitum norðan við BSÍ milli Vatnsmýravegar og Gömlu Hringbrautar. Áætlað er

að 87 bílastæði verði á eystri grasreitnum en 150 á þeim vestari.

Gert er ráð fyrir því að bílastæðin verði gjaldskyld fyrir gesti spítalans en að starfsfólk og nemendur við Landspítalann muni hafa sérstök bílastæðakort. Nýr Landspítali mun lagfæra reitina á eigin kostnað að framkvæmdum loknum nema að um annað semjast. – jõe

Nýtt sendiráð Paragvæ opnað í Jerúsalem

ÍSRAEL Paragvæjar opnuðu í gær sendiráð sitt í Ísrael en það er staðsett í Jerúsalem. Ríkið varð þar með annað á eftir Bandaríkjunum til að flytja sendiráð sitt frá höfuðborginni Tel Aviv til Jerúsalem.

Horacio Cartes, forseti Paragvæ, flaug til Ísraels til að vera viðstaddur opunarathöfnina. Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, var einnig viðstaddur. „Þetta er sögulegur dagur sem styrkir tengslin milli Paragvæ og Ísraels,“ sagði Cortes í ræðu af þessu tilefni.

Staða Jerúsalem er ein stærsta hindrunin í vegi friðarsamkomulags fyrir botni Miðjarðarhafs. Palestínunmenn gera tilkall til austurhluta borgarinnar en Ísraelar hertóku hann árið 1967. Þeir telja að borgin í heild eigi að heyra undir Ísrael. Flest ríki heims viðurkenna ekki tilkall Ísraels til borgarinnar. – jõe

Stöðvuðu framkvæmdir vegna asbests

STJÓRNSÝSLA Vinnueftirlit ríkisins stöðvaði framkvæmdir við Grensásveg 12 þar sem asbest hafði verið fjarlæggt af húsinu án þess að sótt hefði verið um tilskilin leyfi.

Eftirlitsmaður stofnunarinnar tók framkvæmdasvæðið út. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að starfsmaður fyrirtækisins hafi veitt eftirlitsskýrslu móttöku en neitað að kvitta undir hana. Við skoðun kom í ljós að asbestleifar hefðu borist inn í húsið og væru á verkpöllum sem stöðu við það. Steinullarmottur sem höfðu verið fyrir innan asbestplötturnar höfðu á nokkrum stöðum fokið.

Þá voru gerðar athugasemdir við frágang á vinnupöllum en á einum stað vantaði gönguleið milli mis-hárra palla. Starfsmenn þurftu því að stökkva á milli. Athugasemd var einnig gerð við það að starfsmenn voru ekki með hjálma. – jõe

Mútugreiðslur séu freistandi í byggingariðnaðinum á Íslandi


Dæmi eru um óeðlilegar fyrirgreiðslur í byggingariðnaði á Íslandi. Héraðssaksóknari segir hækkun fasteignaverðs skapa freistnivanda.

BYGGINGARIÐNAÐUR Nokkuð er um mútubrot og aðra óeðlilega fyrirgreiðslu í byggingariðnaði á Íslandi, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst í nágrennasveitarfélögum höfuðborgarinnar. Mútugreiðslur og aðrar ólöglegar eða óeðlilegar fyrirgreiðslur í viðskiptalífnum koma þó sjaldan inn á borð eftirlitsaðila í refsivörslukerfinu og dómur sem fallið hafa á þessu sviði eru mjög fáir. Þó eru dæmi um slíka háttsemi.

Fyrirgreiðslan sem boðin er eða óskað er eftir, gegn því að samningur um sölu lóðar eða stór byggingarverkefni gangi í gegn, getur verið með ýmsum hætti. Í samtölum blaðsins við fjárfesta í umræddum iðnaði, verktaka og aðra sem til þekkja, hafa verið nefnd dæmi allt frá hagstæðu verði á þakibúðum bygginga sem rísa eiga á umræddum byggingarreit til fyrirheita um margar milljónir í reiðufé í brúnum bréfpokum.

Þótt algengara sé að boð um sérstaka fyrirgreiðslu komi frá væntanlegum fjárfesti eða verktaka nefna heimildarmenn einnig dæmi um að óskir um greiðslu í reiðufé komi frá seljanda eða verkkaupa. Þeir sem taka við slíku mútufé eru ekki endilega sjálfir eigendur hagsmunanna sem um er að tefla heldur gjarnan þriðju aðilar á borð við fasteignasala eða aðra sem eru í aðstöðu til að liðka til fyrir viðskiptunum.

„Hvort tveggja er refsivert, hvort heldur menn eru að þiggja mútur eða bjóða, og gildir þá einu hvort það er í einka- eða opinbera geiranum,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari.



Mútugreiðslur og óeðlilegar fyrirgreiðslur í viðskiptalífnum koma sjaldan inn á borð eftirlitsaðila. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Hann segir hækkun fasteignaverðs og mikla eftirspurn eftir lóðum og fasteignum auka hættu á brotum af þessu tagi. „Freistnivandinn verður til þegar verðið á þessum gæðum verður svona hátt,“ segir Ólafur.

Aðspurður um eftirlit og rannsóknir á mútugreiðslum og hvort það sé ekki erfiðleikum bundið vegna þess að erfitt sé að rekja slíkar greiðslur, segir Ólafur að viðskipti með

háar fjárhæðir í reiðufé ættu að vekja athygli í kerfinu.

Vinnuhópur á vegum samtaka Evrópuríkja um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka lauk nýverið sinni fjórðu úttekt hér á landi. Í niðurstöðum kemur meðal annars fram að íslensk stjórnvöld hafi takmarkaðan skilning á hættum sem fylgja peningabætti og þótt laga-

umhverfið sé gott hafi rannsóknur og eftirliti með peningabætti ekki verið nægilega vel sinnt.

Í fréttatilkynningu um niðurstöður úttektarinnar á vef Stjórnarráðsins er helstu úrbóta stjórnvalda getið, þar á meðal innleiðingar nýs upplýsingatæknikerfis hjá peningabættisskrifstofu héraðssaksóknara, sem ætlað er að hraða vinnslu og greiningu tilkynninga og auknið samstarf milli þeirra sem koma að málaflökknum.

Ólafur segir að eftirlitið verði markvissara með samstarfi fleiri aðila eins og Fjármálaeftirlits, banka, eftirlitsstofnana með fasteignasölum, bílasölum og öðrum sem höndli með dýra lausafjármuni. „Þessum aðilum er ætlað að tilkynna grunsamleg viðskipti, og viðskipti með háar fjárhæðir í reiðufé falla þar undir,“ segir Ólafur. adalheidur@frettabladid.is

Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari



HEIA NORGE!
TILBOÐSDAGAR 14 – 27 MAÍ

PIONEER
PRÁÐLAUS HEYRNARTÓL
SEMS7BTBK SEMS7BTBR SEMS7BTSI

ABEINS 100 STK.

VERÐ ÁÐUR: 19.995
11.995

-40%

ACER
SWIFT 3 SIGNATURE FARTÖLVA
ACNXXGNEU008

ABEINS 40 STK.

VERÐ ÁÐUR: 109.995
87.995

-20%

RADIONETTE
SOLIST ÚTVARP
RNSHDB15E

ABEINS 80 STK.

VERÐ ÁÐUR: 19.995
11.995

-40%

VIVOSPORT
SLATE HEILSUUR S/M & L
0100178902 0100178900

ABEINS 40 STK. Í STÆRD

VERÐ ÁÐUR: 33.995
21.995

-35%

KENWOOD
ÖRBYLJUÖFN
K20MSS10E

ABEINS 100 STK.

VERÐ ÁÐUR: 13.995
8.395

-40%

REMINGTON
PS PLUS HERRARAKVÉL
PR1250

ABEINS 100 STK.

VERÐ ÁÐUR: 7.990
3.995

-50%

VIÐ FÖGNUM 20 ÁRA SAMSTARFI VIÐ ELKJÖP Í NOREGI MEÐ TVEGGJA VIKNA NORSKRI VEISLU OG MASSE FINE PRISER!



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Aðeins brot af úrvalinu okkar

Þakið klárt

Fáðu tilboð í þakið hjá okkur í maí



● ● **Límtre** Vörnet

Íslensk framleiðsla fyrir Húsasmiðjuna

- Bárújárn, ýmsir litir
- Þakefni úr áli og stáli, ýmsir litir
- Klæðningar, ýmsir litir




ISOLA ÞAK- OG BRÆÐSLUPAPPI

Isola D-glass þakpappinn er tjörupappi á asfaltgrunni ætlaður undir þakplötur, með kantstyrkingum sem hindrar að hann rifni. Naglfestan er meiri og pappinn þolir meira. Veldu Isola ef þakið á að endast. 15 metrar á rúllu.


214640



Litað poly bárújárn. Afar slitsterkt og endingargott 0,5 mm.
430404



Litað ál 0,67 mm.
430412



Þakjárn Alusink 0,5 mm.
430399

Kláraðu verkið í Vogunum



Komdu í glæsilega Fagmannaverslun og Timbursölu í Kjarlövögi og fáðu tilboð í þakið.


Eru þakrennurnar stíflaðar!



Áhaldaleiga Húsasmiðjunnar

Áhaldaleiga Húsasmiðjunnar í Skútuvögi býður frábært tæki til að hreinsa þakrennurnar. SkyVac þakrennuryksuga er öflug ryk- og vatnssuga með léttum og sterkum koltrefja rörum sem ná upp í 12 metra hæð. Einnig fylgir þráðlaus myndavél sem auðveldar verkið.

Tækið er eingöngu til leigu á Áhaldaleigu Húsasmiðjunnar í Skútuvögi.



Lindab

LINDAB ÞAKRENNUR

Lindab rennurnar eru heitgalvaniseraðar og með þykkri polyester málningu sem tryggir styrk og langa endingu.



Byggjum á betra verði

husa.is

ÚRVAL AF GLÆSILEGUM NOTUÐUM BÍLUM



BMW Nýskr. 03/17
X3 Xdrive20d

VERÐ: 7.590 þús. kr.

Ekinn 10 þ.km, dísil, sjálfskiptur

Rnr. 430067



ÞÚ FINNUR BÍLINN
Á WWW.BILALAND.IS



Nissan Nýskr. 09/17
X-Trail Tekna 4wd

Ekinn 8 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
5.990 þús. kr.

Rnr. 144564



SUBARU Nýskr. 01/18
XV Lux

Ekinn 5 þ.km
Bensín
Sjálfskiptur

VERÐ:
5.390 þús. kr.

Rnr. 391042



RENAULT Nýskr. 11/17
Kadjar Intens 4wd

Ekinn 6 þ.km
Dísil
Beinskíptur

VERÐ:
4.290 þús. kr.

Rnr. 430048



NISSAN Nýskr. 02/17
Qashqai Acenta 4wd

Ekinn 56 þ.km
Dísil
Beinskíptur

VERÐ:
3.590 þús. kr.

Rnr. 390977

bilaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



Mike Pompeo sagði frá þvingunum hjá hugveitunni The Heritage Foundation í Washington í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjastjórn hótar hörðum mótaðgerðum

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna segir að viðskiptaþvingunum á Írani, sem aflétt var árið 2015, verði komið aftur á. Þá verði viðtækari aðgerðum beitt. Markmiðið er að stemma stigu við hernaðaraðgerðum Írana í Mið-Austurlöndum.

BANDARÍKIN Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, greindi í gær frá viðskiptaþvingunum sem parlend stjórnvöld hyggjast beita Íran. Í ræðu sem Pompeo hélt hjá hugveitunni The Heritage Foundation sagði Pompeo að stefna Bandaríkjanna væri að „kremja“ efnahag Írans með viðskiptaþvingunum. „Þegar upp er staðið verða þetta kröftugustu viðskiptaþvinganir sögunnar,“ sagði Pompeo um umfang aðgerðanna.

Markmið þvingananna er að sögn Pompeos að stemma stigu við hernaðaraðgerðum Írana í Mið-Austurlöndum. „Íranir munu þurfa að velja á milli þess að berjast við að halda efnahag landsins á floti eða að halda áfram að eyða dýrmætu fé í hernað erlendis. Landið hefur ekki svigrúm til að gera bæði,“ sagði hann um aðgerðirnar.

Þvingunum sem Bandaríkin afléttu árið 2015 verður komið aftur

Þegar upp er staðið verða þetta kröftugustu viðskiptaþvinganir sögunnar.

Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna

á, en einnig verður nýjum úrræðum beitt. Pompeo greindi ekki nánar frá því hvað fælist í þessum nýju úrræðum í ræðu sinni. Í fyrri þvingunum var bann lagt á nánast öll viðskipti við Íran með nokkrum undantekningum, svo sem á flutning lyfja. Þvingunum verður komið á í tvennu lagi á næstu sex mánuðum. Pompeo setti einnig fram í ræðu

sinni tólf skilyrði fyrir því að nýr samningur yrði gerður við Íran. Meðal skilyrðanna er krafa um að Íranir afturkalli allan heraflo sinn frá Sýrlandi og hætti stuðningi sínum við uppreisnarmenn í Jemen. Bandaríkin krefjast þess einnig að Íranir hætti ógnandi framkomu í garð nágrannaríkjanna sinna, sér í lagi Ísraels.

Pompeo nýtti tækifærið til að gagnrýna kjarnorkusamninginn sem Bandaríkin sögðu sig frá fyrir tveimur vikum. Hann sagði „bannvæna galla“ hafa verið á samningnum og að hann hefði verið mikil afturför fyrir alla sem búa í Mið-Austurlöndum. Aðrar aðildarþjóðir að samningnum, meðal annars Frakkar, Þjóðverjar, Bretar og Rússar, gagnrýndu ákvörðun Bandaríkjanna um að segja skilið við samninginn og virðast ætla að halda áfram að starfa eftir honum. gregtarthor@frettabladid.is

Talsverð aukning á sýklalyfjaónæmi

HEILBRIGÐISMÁL Talsverð aukning var í greiningum á bakteríum sem valda sýklalyfjaónæmi á síðasta ári. Þetta kemur fram í nýrri farsóttarskýrslu sem gefin er út af Embætti landlæknis. Í skýrslunni segir enn fremur að erlendis sé slíkt ónæmi vaxandi vandamál.

Haraldur Briem, starfandi sóttvarnalæknir, segir aukninguna ákveðið áhyggjuefni. „Þetta getur valdið því að færri meðferðarúræði verði í boði,“ segir Haraldur um hvaða afleiðingar slíkt ónæmi getur haft.

„Þetta eru sýklar sem hafa þá eiginleika að geta myndað efni sem skemma ákveðin sýklalyf,“ segir hann enn fremur um bakteríurnar.

Helstu ástæðuna fyrir aukningunni telur Haraldur vera ofnotkun á sýklalyfjum, hún ýti undir að bakteríurnar taki upp á því að búa sér til varnar. „Það er mikilvægt að sýklalyf séu rétt notuð og ekki notuð of mikið,“ bætir hann við.

„Svo er kannski stóra málið þessi aukning á kynsjúkdómum, lekanda og sársótt,“ bendir hann á. Í skýrslu



Vel er fylgst með sýklalyfjaónæmi en vandamál geta skapast á spítölum ef slíkt ónæmi nær að breiðast út að sögn Haraldar Briem. NORDICPHOTOS/GETTY

unni kemur fram að á síðasta ári hafi 100 greinst með lekanda og hefur þeim fjölgað umtalsvert á síðustu tveimur árum.

Alls greindust 39 einstaklingar með sársótt á síðasta ári. Í skýrslunni segir að sársótt skeri sig úr hvað varðar fjölgun tilfella í fyrra og er fjöldinn langt umfram það sem

greinst hefur undanfarin ár.

Haraldur segir einnig að sér hafi fundist fjöldi matarsýkinga á síðasta ári óvenjulegur. Að þessum sýkingum er vikið í inngangi skýrslunnar en þar er sagt að árið 2017 hafi einkennt af fæðubornum hópsýkingum, meðal annars af völdum nóróveira, salmonellu og listeríu. - gþs

HONDA
The Power of Dreams

MEIRI AFKÖST
MEIRI BÚNAÐUR
MEIRI **CIVIC**



Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hann er sérstaklega fyrir þig, fjölskylduna og áhugamálin. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir öryggi og tæknilegum yfirburðum. Staðalbúnaður í Civic er radartengdur skriðstillir, árekstrarvari, akgreinaaðstoð og handfrjáls símabúnaður svo dæmi séu tekin. Civic er skemmtilegur að aka, öruggur og áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – þig og þína! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu Honda Civic meira af okkar besta til þessa.**



Honda Jazz
verð frá kr. 2.540.000



Honda Civic
verð frá kr. 2.990.000



Honda HR-V
verð frá kr. 3.870.000



Honda CR-V
verð frá kr. 4.840.000



HONDA

Meiri lúxus



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Víðs vegar í Reykjavík má sjá merki um miklar byggingaframkvæmdir og verið er að reisa ný hús í stað þeirra gömlu sem voru rifin. Einhver þessara húsa máttu eflaust hverfa en við eigum eftir að sjá hvað kemur í stað þeirra. Óhætt er að segja að margir bíði með öndina í hálsinum eftir því hvernig til tekst og vona heitt og innilega að útkoman verði ekki einhver óskapnaður. Það er leiðinlegt að segja það, en íslenskur nútíma-arkitektúr er einfaldlega þannig að ekki er alltaf ástæða til að hrópa húrra fyrir honum. Þess vegna á að vera auðvelt að hafa skilning og samúð með kvíða þeirra sem vilja að höfuðborgin sé falleg en óttast að þróunin sé í þveröfuga átt.

Við Hafnartorg standa yfir miklar framkvæmdir sem borgarþátttakendur komast ekki hjá að verða varir við. Þar eiga að verða til íbúðir. Íbúðir skortir einmitt á höfuðborgarsvæðinu en almenningur hefur samt enga ástæðu til að fagna. Þessar íbúðir eru nefnilega alls ekki ætlaðar venjulegu fólki. Þetta eru lúxusíbúðir þar sem ekkert er til sparað. Óhófið er reyndar svo mikið að þær dýrustu munu kosta um 400 milljónir. Það er eins og einhverjir einstaklingar hafi fengið svæsið nostalgíukast og þrái að hverfa aftur til árunna fyrir hrun þegar flotræfils-hátturinn var svo umsvifamikill að gull var jafnvel lagt sér til munns í veislum, eins og frægt varð.

Íbúðirnar við Hafnartorg eru hannaðar fyrir þá allra ríkustu. Ólíklegt er þó að íslenskir auðmenn muni hreiðra um sig í þessum lúxusíbúðum. Þeir þola ekki hverjir aðra. Það yrði þeim ofraun að þurfa að mæta reglulega í lyftunni eða á stiga-ganginum og neyðast til að bjóða góðan daginn. Þeir gætu aldrei sætt sig við slíkt sambýli. Íbúðirnar hljóta því að vera hugsaðar fyrir erlenda auðkúfinga. Ólíklegt er að þeir setjist hér að, en ekki er útilokað að þeir vilji eiga hér aðfrep þegar þeir þrú tilbreytingu frá lífi í stórborgum á borð við New York, París og Róm.

Fólk þarf ekki að vera í Sósíalístaflöknum til að spyrja sjálfsagðra spurninga eins og af hverju slík ofuráhersla sé lögð á hag auðjöfra að þeim sé ætlaður alveg sérstakur staður í hjarta Reykjavíkur. Það má svo velta fyrir sér af hverju ekkert heyrir frá borgarstjórnarmeirihlutunum um allan þennan ofurlúxus sem þarna er fyrirhugað að skapa. Ekki er hægt að ætla annað en meirihlutunum þyki þetta hið besta mál. Allavega heyrast ekki óánægjuraddir úr þeim ranni. Finnst Vinstri grænum í borginni það virkilega vera brýnt forgangsmál að hlada undir auðmenn? Hvar er jafnaðarstefna Samfylkingarinnar, er henni bara veifað stundum en falin þess á milli? Og eru Píratar að breytast í örgustu kapitalista? Er Björt framtíð svo buguð að hún getur ekki lengur tjáð sig? Gott væri að fá svör við þessum spurningum fyrir kosningar. Og um leið á að spyrja þennan sama meirihluta: Erúð þið búin að selja verktökum og fjárfestum sál ykkar og sannfæringu?



Það má svo velta fyrir sér af hverju ekkert heyrir frá borgarstjórnarmeirihlutunum um allan þennan ofurlúxus sem þarna er fyrirhugað að skapa.

Halldór



Frá degi til dags

Símatími borgarstjóra
Það er altalað milli ritstjórna landsins hve erfitt getur verið að ná tali af borgarstjóra Reykjavíkur en oft er auðveldara að ná á ríkisstofnun á helgidegi en honum. Þegar um erfð mál er að ræða er algengt í tilvikum Dags að fátt sé sagt eða þá að hann eða aðstoðarmaður hans vísi á aðra. Dæmi eru um að fjölmíðlar hafi velt því fyrir sér að sitja fyrir Degi í einhverri af hans fjölmörgu uppákomum til að koma spurningum, sem sjálfsagt er að ráðamenn svari, til hans. Í vissum tilfellum er skiljanlegt að svara ekki um hæl, en bagalegt er ef það verður reglan í stað þess að vera undantekning.

Öfugur endi
Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna hefur borið á því að nokkur framboð ætli sér að byrja á öfugum enda. Sum kosningaloforðin bera nefnilega með sér að flokkarnir stefni að því að breyta ýmsu – en hin nýja framkvæmd myndi ekki vera í samræmi við landslög. Enn aðrir ætla sér hluti sem ekki verður breytt hlu með því að Alþingi taki sig til og geri það. Þau framboð ættu kannski að ihuga að draga sig í hlé í bili og keyra af fullu afli á næstu þingkosningar til að þau fjölmörgu mikilvægu mál sem heyra undir sveitarstjórnir fái að vera í forgrunni nú. joli@frettabladid.is

Húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Yfirstandi kjörtímabil hefur verið mesta uppbyggingarskeið í sögu borgarinnar. Aldrei áður hafa verið jafnmargar íbúðir í byggingu í Reykjavík og einmitt nú. Samfélagið er að gjalda það dýru verði að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks lagði niður verkamannabústaðakerfið. Fyrir vikið eru fjölmargir sem eiga erfitt með að koma sér öruggu þaki yfir höfuðið. Til að mæta þessum vanda hefur verið leitað fyrirmynda á Norðurlöndum. Áhersla meirihluta borgarstjórnar hefur verið á fjölgun félagslegra leiguíbúða og uppbyggingu á vegum húsnæðisfélaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Þessi félög eru á vegum stúdenta, eldri borgara, verkalyðshreyfingarinnar og fleiri uppbyggingarfélaga sem byggja nú íbúðir um alla borg. Það er lyklatríði til að húsnæðismarkaðurinn verði heilbrigðari. Til viðbótar byggja Félagsbústaðir sérstök búsetuúrræði fyrir fatlað fólk. Fyrir síðustu kosningar var markmiðið sett á að yfir 2.500 leigu- og búsetuúrræði-íbúðir færu af stað í Reykjavík á fimm árum. Þær verða yfir 3.000 og er það sérstakt fagnaðarefni. Ekki veitir af.

Húsnæði um alla borg

Uppbygging öruggari leigumarkaðar heldur áfram á næsta kjörtímabili. Til viðbótar er nauðsynlegt að auka möguleika ungs fólks og fyrstu kaupenda til að eignast hagkvæmt húsnæði. Til að slík verkefni verði að veruleika hefur borgin tekið frá lóðir fyrir slíkar íbúðir í Skerjafirði, á Væðurstofuhæð, á lóð Stýrimannaskólans, í Bryggjuhverfinu í Grafarvogi, Gufunesi og í Úlfarsárdal. Í fyrsta áfanga verða þetta 500 íbúðir sem munu standa ungu fólki og fyrstu kaupendum til boða. Sjötíu hugmyndir bárust í hugmyndaleit að uppbyggingarverkefnum fyrir þennan hóp í vetur og næsta skref er að fá beinar tillögur og tilboð frá áhugasömum uppbyggingaraðilum. Við val á samstarfsaðilum mun borgin m.a. horfa til þess hve hratt viðkomandi getur skilað húsnæðinu og á hvaða kjörum. Þetta er enn eitt verkefni sem gerir húsnæðismarkaðinn í Reykjavík fjölbreyttari og heilbrigðari.



Í fyrsta áfanga verða þetta 500 íbúðir sem munu standa ungu fólki og fyrstu kaupendum til boða.

Hvað borða erlendir FERÐAMENN?

Opinn kynningarfundur í Þingsal 2 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura
24. maí 2018, kl. 8:30-10:00

Dagskrá: Hvað borða erlendir ferðamenn? – niðurstöður kannana Gallup og Maskinu Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri markaðsstofunnar Icelandic Lamb

Hvers virði er að erlendir ferðamenn borði íslenskan mat?
Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Hvernig er best að kynna matarauð Íslands fyrir erlendum ferðamönnum?
Brynja Laxdal, framkvæmdastjóri Matarauðs Íslands

Fundarstjóri: Sara Lind Prúðardóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Trademark Holding

ADGANGUR ÓKEYPIS
áhugasamir eru beðnir að skrá þátttöku á
www.bbl.is



VIÐBURÐIRINN VERÐUR LIVE Á FACEBOOKSÍÐU B/ÆNDABLAÐSINS

Náttúruleaus umræða í boði Vesturverks



Tómas
Guðbjartsson
læknir



Ég trúir því ekki að Vestfirðingar vilji fórnar svona „Gullfossi“ fyrir megavött til stóriðju – enda gæti hann óvirkjaður, ásamt mörgum öðrum fossum á svæðinu, skapað íbúum Árneshrepps og Vestfirðingum öllum ómetanleg verðmæti. Náttúran getur nefnilega verið meira virði ósnortin til lengri tíma en virkjuð.

Það hefur verið dapurlegt að fylgjast með umræðunni um Hvalárvirkjun á Ströndum undanfarnar vikur í aðdraganda kosninga. Minnsta sveitarfélag landsins er klofið í herðar niður og þrjár af fimm fulltrúum sveitarstjórnar Árneshrepps, með sveitarstjórnann í broddi fylkingar, leggja allt í sölurnar til að þröngva í gegn umdeildri og óafturkræfri framkvæmd. Hjólin eru smurð með margvíslegum stuðningi og loforðum framkvæmdaaðilans Vesturverks, sem meðal annars hefur greitt lögræðireikninga sveitarstjórnar og reikninga ótengda framkvæmdinni, líkt og komið hefur fram undanfarið.

Hvar eru raddir þeirra Vestfirðinga sem vilja staldra við og leyfa náttúrunni að njóta vafans? Þessar raddir eru til, það veit ég vel eftir fjölmargar heimsóknir mínar á Vestfirði í gegnum árin. Nýverið stóð ég fyrir fjölsóttum fyrirlestri á Ísafirði um ósnortin víðerni. Þeir ráðamenn vestfirskir sem mest hafa gagnrýnt viðhorf náttúruverndarsinna mættu ekki á fundinn. Nokkrum dögum síðar fjölmenntu þeir hins vegar á málþing á vegum Vesturverks á Ísafirði. Ég hef síðan reynt að fá ýmsa aðila fyrir vestan til að skipuleggja annað málþing sem væri opið öllum og þar sem fleiri viðhorf gætu komið fram. Enginn hefur sýnt þessu erindi mínu áhuga, nema Vestfjarðastofa sem vill þó aðeins halda málþingið eftir kosningar!

Tíminn til að ræða svo umfangsmikla og umdeilda framkvæmd er hins vegar einmitt fyrir kosningar. Það er vert að íhuga af hverju raddir þeirra sem vilja vernda ósnortnu víðernin upp af Ófeigsfirði hafa ekki verið meira áberandi á Vestfjörðum. Þessi víðerni eru við þröskuld mestu náttúrugersema Vestfjarða, Drangaskarða og friðlandsins á Hornströndum. Gæti skýringin verið sú að valdamiklir aðilar innan kjördæmisins vilja stýra umræðunni?

Nýlega sendi Vesturverk snortan bækling inn á öll heimili á Vestfjörðum. Þar eru kostir virkjunar tíundadur með aðaláherslu á auknið rafmagnsöryggi á Vestfjörðum. Aukið rafmagnsöryggi er vissulega brýnt úrlausnarefni fyrir Vestfirðinga en Hvalárvirkjun mun ekki leysa þann vanda.


Lítið er rætt um hringtengingu rafmagnslína á Vestfjörðum, sem lengi vel var ein helsta röksemdin

með virkjun, en þau rök virðast nú hafa misst vægi – enda ekkert fast í hendi um framkvæmd slíkrar hringtengingar. Sama á við um fjölda langtíma starfa við virkjunina sem talsvert var gert úr um hrið en verða líklega engin. Loforð um auknið afhendingaröryggi rafmagns og aukna atvinnu fyrir Vestfirðinga eru því orðin tóm.

Í sama bæklingi lofar Vesturverk að verði af virkjun muni þeir sjá um að klæða skólahúsið í Árneshreppi og leggja hitaveitu og þriggja fasa rafmagn í Norðurfjörð. Enn dapurlegra er þó fyrirheit verktakans um að opna fyrir rennsli í Hvalá yfir hásumarið þannig að ferðamenn geti notið fossins Drynjanda með fullu vatnsrennsli, en verði af virkjun verður rennsli í honum að jafnaði aðeins 5% af meðalrennsli.

Drynjandi er einn af fimm fossum á þessu svæði sem eru ómetanlegir og á heimsmaðlíkvarða. Nafn sitt dregur fossinn af drununum sem myndast þegar vatnið fellur beljandi niður í næstum 100 metra djúp árgljúfrin sem eru með þeim tilkomumestu á Vestfjörðum. Verði af virkjun munu drunurnar hverfa og í stað hvítu ábreiðunnar blasir við veiklulegur strengur. Ég trúir því ekki að Vestfirðingar vilji fórnar svona „Gullfossi“ fyrir megavött til stóriðju – enda gæti hann óvirkjaður, ásamt mörgum öðrum fossum á svæðinu, skapað íbúum Árneshrepps og Vestfirðingum öllum ómetanleg verðmæti. Náttúran getur nefnilega verið meira virði ósnortin til lengri tíma en virkjuð.

Munum af hverju ferðaðþjónusta er orðin helsta tekjulind Íslendinga í dag. Veigamestu rökin fyrir verndun svæðisins eru þó að gefa komandi kynslóðum Íslendinga og ferðamanna færi á að njóta þessara einstöku náttúrugersema fremur en að selja þær erlendum auðjöfrum og auðsveipum umboðsmönnum þeirra.



Drynjandi sl. sumar og tölvugerð mynd eins og ætla má að fossinn líti út eftir virkjun Hvalár. Fólkíð efst á myndinni sýnir stærð fossins og árgljúfursins. MYND/TÓMAS GUÐBJARTSSON

Sólgler með styrkleika fylgja kaupum á gleraugum.

BOSS HUGO BOSS | Polaroid
DIESEL | MODO
TOM FORD | GUESS
VERA WANG EYEWEAR | TOMMY HILFINGER

MJÓDDIN S: 587 2123 | FJÖRÐUR S: 555 4789

augastaður
Gleraugnaverslunin þín

Handfrjáls búnaður í bílinn.

- Tengist símanum með Bluetooth.
- HQ voice hljómgaði með „noise cancellation“

Sekt fyrir að tala í símann undir stýri án handfrjáls búnaðar er 40.000 kr.



BSV
netverslun

Nánari upplýsingar á www.bsv.is eða bsv@bsv.is og í síma 571 4000

Nýjast

Pepsi-deild karla

Staðan

ÍBV - FH	0-0	Efri	Neðri
		Breiðablik 10	KR 6
		FH 10	Víkingur 5
Fjölnir - KR	1-1	Grindavík 7	KA 4
1-0 Arnór Breki Áspórssón (35.), Pálmi Rafn		Fylkir 7	Stjarnan 3
Pálmason (viti) (52.)		Valur 6	Keflavík 1
		Fjölnir 6	ÍBV 1

Fimmta umferð Pepsi-deildar karla hófst í gær

Liðin gerðu jafntefli Fjölnir og KR skildu jöfn þegar liðin mættust í fimmtu umferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu í Grafarvogi í gærkvöldi. Hér skallar Albert Watson boltann frá marki KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Aganefndin klofnaði í ákvörðun refsingar

Eyjamaðurinn Andri Heimir Friðriksson mun hefja næstu leiktið í eins leiks banni, en ekki var samhljómur um þá ákvörðun í úrskurði aganefndar HSÍ.

HANDBOLTI Andri Heimir Friðriksson, leikmaður nýkrýndra Íslandsmeistara í handbolta karla, ÍBV, mun hefja næsta keppnistímabil í leikbanni. Aganefnd HSÍ hafði áður úrskurðað Andra Heimi í eins leiks bann fyrir brot hans á Gísla Þorgeiri Kristjánssyni, leikmanni FH, og tók Andri Heimir það leikbann út í fjórða leik liðanna í úrslitum Olís-deildarinnar á laugardaginn.

Í úrskurði aganefndar frá því um helgina um eins leiks bannið kom fram að aganefndin ætlaði að úrskurða að nýju um brot Andra Heimis eftir að liðin hefðu skilað greinargerð um málið. Seinni úrskurðurinn skæri úr um hvort Andra Heimi bæri að refsa frekar en gert hafði verið.

Mismunandi túlkun á reglugerð Nefndarmenn í aganefnd HSÍ urðu ósammála um það hvort refsa bæri Andra Heimi frekar og kristallast í úrskurði meirihluta og sératkvæði minnihluta munur á afstöðu nefndarmanna til þess annars vegar hvort brot Andra Heimis sé svo gróft að það skaði íslenskan handbolta og hins vegar hversu viðtæka heimild stjórn HSÍ hefur til þess að skjóta málum til aganefndar.

Meirihluti aganefndarinnar tekur í fyrsta lagi fram að nefndin sé sjálfstæð í störfum sínum og hún lúti ekki boðvaldi stjórnar HSÍ. Þá telur meirihlutinn að stjórn HSÍ sé heimilt að vísa til aganefndarinnar atvikum sem ekki koma fram í atvikaskýrslu dómara og eru þess eðlis að skaðað geti ímynd handboltaiþróttarinnar. Það er, að fari grófleiki brots framhjá dómara leikja og ekki komi fram í atvikaskýrslu dómara skýrsla um brotið geti stjórn HSÍ skotið atvikinu til aganefndar til úrskurðar telji hún brotið svo alvarlegt að það geti skaðað ímynd handboltans á Íslandi.

» Úrskurður aganefndar HSÍ um refsingu Andra Heimis Friðrikssonar, leikmanns ÍBV, sýnir fram á mismunandi afstöðu nefndarmanna aganefndarinnar til brots Andra Heimis og þess hvort stjórn HSÍ eigi að geta vísað brotum leikmanna til aganefndarinnar hafi dómarninn séð atvikið.

Þessu er minnihlutinn hins vegar ósammála og telur að vísa hefði átt málinu frá þar sem brotið hefði ekki áhrif á úrslit leiksins. Stjórn HSÍ eigi eingöngu að geta vísað máli til aganefndarinnar sé um rangan dóm að ræða.

Minnihlutinn telur enn fremur að ákvörðun stjórnar HSÍ hafi verið tekin undir þrýstingi fjöl- og samskiptamiðla og þessi úrskurður gæti leitt af sér ormagrafju sem muni lýsa sér í því að kærur vegna starfa dómara muni fjölga umtalsvert í framtíðinni. hjorvaro@frettabladid.is

OPPIÐ A
SUNNDAGUR
DORMA SMÁRATÖRGI

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Vikutilboð
17. til 24. maí

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR
af Shape Deluxe dýnu
15% af botni



SHAPE DELUXE
og Perfect T stillanlegur botn

Shape Deluxe 90 x 200 heilsudýna og Perfect T stillanlegur botn. Meðal eiginleika Perfect T er að hann er með nuddi, þráðlausri fjarstýringu, USB-tengi, LED lýsinguog tveimur mótörum.

Fullt verð: 248.900 kr.

Aðeins **201.080 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Meiðsli Hannesar Þórs ekki alvarleg

Hannes Þór Halldórsson og félagar hans hjá Randers eru sloppnir við fall eftir skin og skúrir á leiktíðinni. Hannes fór meiddur af velli í lokaleik Randers í dönsku úrvalsdeildinni, en hann telur að hann verði ekki lengi frá vegna meiðslanna sem hann varð fyrir í leiknum.

FÓTBOLTI Hannes Þór Halldórsson, landsliðsmarkvörður í knattspyrnu, var tekinn af velli í hálfleik vegna meiðsla þegar lið hans, Randers, tryggði sæti sitt í efstu deild með sigri gegn Lyngby í umspili um það að forðast fall úr dönsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær.

Íslenskir knattspyrnuáhugamenn hugsa fyrst og fremst um þátttöku lykilleikmanna okkar á HM í sumar þessa dagana og hvarflaði hugur þeirra strax að því að þeir gætu tekið þátt á mótinu í sumar þegar fregnir bárust af meiðslunum.

Hannesi Þór var bæði efst í huga að hafa bjargað sér frá falli og að meiðslin væru ekki alvarleg þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöldi.

„Ég fann fyrir eymslum í nára þegar svona 20 mínútur voru liðnar af leiknum. Þetta var svo komið á það stig að ég átti erfitt með að sparka almennilega í boltann. Mig langaði að klára leikinn, en um leið hafði ég þá tilfinningu að ég gæti gert illt verra með því að sparka af alefli í boltann,“ segir Hannes Þór.

„Ég lét þjálfarann vita hvernig staðan var í hálfleik og það var hans ákvörðun að taka mig út af. Ég met það þannig að þetta sé væg fyrsta stigs tognun í nára sem hefði getað orðið verri. Þjálfarinn mat það svo að það væri betra að skipta mér út af og það var líklega skynsamleg ákvörðun,“ segir Hannes Þór um



Hannes Þór Halldórsson landsliðsmarkvörður fagnar sigri Randers í leik liðsins fyrir á þessari leiktið. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég held að þetta séu þannig meiðsli að ég muni ekki verða lengi frá. Ég þekki líkama minn nokkuð vel og met það þannig að meiðslin séu lítills háttar.“

Hannes Þór Halldórsson

meiðslin sem hann fann fyrir.

„Það er ofboðslega góð tilfinning að hafa náð að bjarga okkur frá falli eftir kaflaskipt tímabil. Þessi tilfinning er ekkert ósvipuð því að fagna titli. Við byrjuðum tímabilið mjög illa og það leit allt út fyrir að við myndum falla. Eftir að deildinni var skipt í efri og neðri hluta þá höfum við hins vegar spilað vel og tryggðum okkur sætið með sigrinum í gær,“ segir Hannes um tímabilið hjá Randers.

„Ég held að þetta séu þannig meiðsli að ég muni ekki verða lengi frá. Ég þekki líkama minn nokkuð vel og met það þannig að meiðslin séu lítills háttar. Ég ætla að fagna sætinu í kvöld með liðsfélögnum. Svo tekur við bara stutt frí og svo fer maður á fullt að huga að næstu verkefnum með landsliðinu og einbeitingin fer fullt á HM-undirbúninginn,“ segir Hannes Þór um framhaldið hjá sér.

hjoarvaro@frettabladid.is

Þú tankar sjaldnar á Renault sendibíl



RENAULT
Passion for life



RENAULT KANGOO, DÍSIL
1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: **2.217.000 kr. án vsk.**
2.750.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km*

RENAULT TRAFIC, DÍSIL
1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL

Verð frá: **2.943.000 kr. án vsk.**
3.650.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá 6,5 l/100 km*

RENAULT MASTER, DÍSIL
2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL

Verð frá: **3.669.000 kr. án vsk.**
4.550.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 7,8 l/100 km*

www.renault.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



**Audi Q5**

Quattro 2.0 TDI

Ekinn **30.000**

2016

6.490.000 KR

